

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/245**  
**komudagur 30.10.2012**

Sendandi: Kristian Guttesen

Dagsetning: Reykjavík, 30. október 2012

Heiti þingmáls: Heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla (203. mál þingsályktunartillaga 141. löggjafarþingi 2012-2013)

Til allsherjar- og menntamálanefndar,

Stjórn Félags heimspekikennara kunngjörir hér með stuðning sinn við þingsályktunartillögu Þórs Saari, Álfheiðar Ingadóttur, Árna Þórs Sigurðssonar, Ólínu Þorvarðardóttur, Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Lilju Mósesdóttur þess efnis að heimspeki verði gerð að skyldufagi á öllum skólastigum.

Félagið hefur fjallað um málið á sínum vettvangi, bæði á ráðstefnum og í rituðu máli, en finna má ýmsar greinar félagsmanna og annarra fræðimanna á vefjunum [heimspekitorq.is](http://heimspekitorq.is) og [gagnrýninhuqsun.hi.is](http://gagnrýninhuqsun.hi.is) sem rökstyðja nauðsyn þess að heimspeki og siðfræði séu kennd í grunn- og framhaldsskóla.

Ekki aðeins fellur það vel að grunnmarkmiðum nýrrar menntastefnu, skv. útgáfu aðalnámskrár 2011, heldur má færa fyrir því góð, kennslufræðileg rök að heimspekileg aðferð og -hugsun nái þessum markmiðum betur en aðrar kennslugreinar einar síns liðs.

Enn fremur vill stjórn Félags heimspekikennara hvetja til þess að mennta- og menningarmálaráðherra beiti sér fyrir því að allir kennarar hljóti jafnframt menntun í heimspeki og í heimspeki menntunar. Afar mikilvægt er að mennta starfandi kennara á sviði heimspeki og veita þeim þjálfun í samræðufærni og heimspekilegri samræðu sem kennsluáðferð.

Með kveðju,  
Kristian Guttesen  
f.h. stjórnar Fh.